



---

# Ársskýrsla Suðurlandsskóga 2010





## Samantekt ársins 2010.

### Stjórn og starfsmenn.



Stjórn Sls ásamt framkvæmdastjóra. Mynd HG

Stjórn Suðurlandsskóga er sem fyrr skipuð þeim Garðari Hannessyni formanni, Þorbergi Hjalta Jónssyni fulltrúa Skógræktar ríkisins og Agnesi Geirdal fulltrúa skógarbænda. Stjórnin hélt alls sjö stjórnarfundum á árinu – sjá [www.sudskogur.is](http://www.sudskogur.is).

Engin breyting varð á starfsmannahaldi á árinu og eru starfsmenn eftirfarandi; Anna Björg Nielsdóttir, Böðvar Guðmundsson, Hallur Björgvinsson, Harpa Dís Harðardóttir, Hrönn Guðmundsdóttir, Valgerður Erlingsdóttir og Björn B. Jónsson framkvæmdastjóri.


Starfshlutfall allra starfsmanna var lækkað í niðurskurði 2009 og var enginn þeirra í fullu starfi hjá Sls. árið 2010

Samningar eru við landssamtök skógareigenda um hlutastarf framkvæmdastjóra fyrir samtökin og sömuleiðis samningur við landsgræðslu ríkisins um hlutastarf svæðisstjóra Skaftafellsýslna .

### Fjármál.

Undanfarin ár hafa Suðurlandsskógar verið skornir niður á fjárlögum svo um munar. Nú er svo komið að fjárframlög til verkefnisins hafa minnkað um rúmlega helming frá því sem þingsályktun fyrir landshlutaverkefni gerði ráð fyrir.

Á árinu 2010 var ríkisframlagið 102,2 milljónir, en fer niður í 93,3 árið 2011.



Tafla 1. Þróun fjárveitinga til SLS



## Plöntukaup.

Endurnýjaðir voru samningar um kaup á 723 þús. trjáplöntum – sjá töflu. Sem fyrr eru það átta framleiðendur sem rækta plöntur fyrir Sls.

Á þessu ári rennur út samningur við Guðjón Emilsson í Laxárhlið, en hann hefur frameitt plöntur fyrir Suðurlandsskóga allt frá stofnun verkefnisins. Er honum ásamt Sigríði konu hans færðar bestu þakkir fyrir gott og gjöfult samstarf.

Plöntudreifing Suðurlandsskóga og umhirða er sem fyrr í Björnskoti á Skeiðum, Bjargarkoti í Fljótshlíð, Prestbakkakoti í Vestur-Skaftafellssýslu og Dilksnesi í Austur-skaftafellssýslu. Ferlið við afhendingu var óbreitt frá fyrra ári.

	ÁRBAKKI	BARRI	DILKSNES	FURUBRÚN	HVAMMUR	KVISTAR	LAXÁRHLIÐ	ÖLUR	Samtals
<i>Alaskaösp, 0/1, fp35 fryst</i>		35.000							35.000
<i>Alaskaösp, 0/1, fp35</i>								40.000	40.000
<i>Alaskaösp, 0/1, fp35</i>			10.000						10.000
<i>Birki, 1/0, fp40</i>	70.000								70.000
<i>Birki, 1/0, fp40</i>			10.000						10.000
<i>Birki, 1/0, fp40</i>							50.000		50.000
<i>Reynitegundir, 1/0, fp35</i>						7.000			7.000
<i>Reynitegundir, 1/0, fp35</i>					5.000				5.000
<i>Reynitegundir, 1/0, fp35</i>			5.000						5.000
<i>Sítikagreni, 1/0V., fp40 fryst</i>				130.000					130.000
<i>Sítikagreni 1/0 fp40</i>	70.000					40.000			110.000
<i>Sítikagreni, 2/0, fp35 fryst</i>						80.000			80.000
<i>Stafafura, 1/0V., fp40</i>	50.000								50.000
<i>Stafafura, 1/0, fp40 fryst</i>						80.000			80.000
<i>Víðir (ýmsir kl.), 0/1, fp35</i>			5.000						5.000
<b>Runnar ofl ÝMSAR TEGUNDIR</b>					10.000				10.000
<b>Runnar ofl ÝMSAR TEGUNDIR</b>			3.000						3.000
<b>Þinur Barri</b>		8000							8.000
<b>Sólheimar áætlað</b>								15000	15.000
<b>SAMTALS pl. framleiðanda</b>	190000	43000	33000	130000	15000	207000	50000	55000	723.000

Tafla 2. Plöntukaup SLS. 2011



## Rannsóknir og þróun.

Unnið er að því að koma á samstafi á milli HÍ, Mógilsár og Sls. um hraðfjölgun á fjallapín. Ef vel tekst til má reikna með að flýta megi ræktun á vel gerðum trjám (gæðatrjám) til jólatrjáræktunar um nokkur ár.

Kesara Anamthawat- Jónsson hjá HÍ, Ægir Þór Þórsson hjá BÍ, Aðalsteinn Sigurgeirsson á Mógilsá ásamt starfsmönnum Suðurlandsskóga leiða verkefnið.

Í undirbúningi eru tvö masterverkefni við LbhÍ sem Sls. kom að.

Annað er í jólatrjárækt sem unnið verður m.a. í samstarfi við Sls. Lögð verður út tilraun á Suðurlandi þar sem skoðaðar vera ýmsar hliðar í akurræktunar jólatrjáa.

Hitt verkefnið snýr að úttekt á hagrænum árangri verkefnanna í skógrækt.

Samanburður á frystum öspum og öspum í útigeymslu í samstarfi við Barra er í gangi.

Í farvatninu eru frekari athuganir á lifun og gæðum frystra/útigeymdra plantna samhliða almennri notkun.

17. desember s.l. kom danskur áburðarsérfræðingur í heimsókna til Sls til að ræða ýmsar möguleika í áburðargjöf í skógrækt.

## Samningar

Á árinu 2010 var nýr samningur gerður fyrir jörðina Skinnhúfu /Norðurnes í Holtum í Rangárþingi ytra.

Nokkrar jarðir eru í vinnslu fyrir inngöngu í Suðurlandsskóga. Ekki er búið að skrifa undir skógræktarsamninga og verður væntanlega gert á árinu 2011. Þessar jarðir eru:

Skaftafell 2 (Freysnes), Reykhóll á Skeiðum, Þrándarlundur í gamla Gnúpverjahreppi (var í nytjaskógum á bújörðum) og stækkun skógræktarsvæðis á Jaðri í Hrunamannahreppi.

Breyting var gerð á samningi um jörðina Bitru í Hraungerðishreppi, en þar tekur fangelsið á Litla-Hrauni yfir samninginn og verður framkvæmdaaðili á jörðinni. Endurnýjaður var samningur við Reykjadal í Hrunamannahreppi.

Starf áætlanafulltrúa frá áramótum 2009/2010 lækkaði í 49%. Áætlanafulltrúinn sinnti eins og vant er endurnýjun á eldri áætlunum, bjó til nýjar áætlanir og sinnti ráðgjafajónustu.



## Áhöld og tæki.

Hitamælar. Suðurlandsskógar keyptu á árinu hitapillur og tölvuforrit sem notað er til að forrita hitapillurnar. Hitapillurnar eru í raun síritar og mæla hita á þeim stað sem þeim er komið fyrir á. Hver pilla getur tekið allt að 3 þúsund mælingar og hægt er að ákveða hversu langur tími líður á milli þess að pillan tekur aflestur. Hún mælir því skv. áður ákveðnum tíma svo lengi sem minni hennar endist. Þá er hægt að lesa af henni og endurhlaða hana til nýrra mælinga.

Hér er komið lítið og ódýrt tæki sem hægt er að nota við að finna “frostpolla”.



Mynd 1. Hitapilla.

## Úttektir

Í haust fóru svæðisstjórar á alla bæi og taka út framkvæmdir liðins árs. Sumarið hefur verið hagstætt fyrir allan gróður og mikill vöxtur víða, en einstaka bær hættu við að framkvæma vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

Bændur voru hvattir til að fylgjast með því hvort yglu yrði vart á jörðum þeirra. Mikilvægt er að kortleggja og skrá þau svæði sem hún hefur verið á, en allar upplýsingar eru mikilvægar þegar reynt er að gera sér grein fyrir útbreiðslu hennar og áhrifum á gróðurinn. Hún hefur verið vandamál undanfarin 7 ár, en nú í ár var hún í lágmarki á þeim stöðum þar sem hennar varð vart, þannig að ekki þurfti að grípa inn í með aðgerðir nema á einstaka stað.



Mynd 2. Sigurður Hermannsson skógabóndi í Gerðakoti í Ölfusi.



## Námskeið og kynning.

Suðurlandsskógar hlutu viðurkenningu á afmælishátíð Landskrifstofu Menntaáætlana ESB sem haldin var í Ráðhúsi Reykjavíkur fimmtudaginn 25. nóvember s.l. Suðurlandsskógar fengu viðurkenninguna fyrir verkefni er varðaði endurmenntun fagfólks í skógrækt sem var unnið og framkvæmt í samstarfi við LbhÍ. og Danska landbúnaðarháskólann. Verkefnið var tilnefnt sem eitt af 8 bestu verkefnum á Íslandi á árunum 2007 til 2008.

Leonardo mannaskiptaverkefni sem heyrir undir Menntaáætlun ESB styrkti verkefnið. Alls komu 49 verkefni til greina til verðlauna og er því heiður Suðurlandsskóga mikill að fá þessa viðurkenningu.



Mynd 3. Björn B. Jónsson við afhendingu viðurkenningarinnarm Mynd MHH

Ný námskeiðaröð “Grænni skóga I” og “Grænni skóga II” námskeið hófust haustið 2009 í samstarfi við Vesturlandsskóga og héldu áfram árið 2010.

“Grænni skógar I” fóru í námsferð til Skotlands til að kynna sér hvernig Skotar standa að málum varðandi nytjaskógrækt og nýtingu skógarins. Stefnt er að því að “Grænni skógar II” fari í námsferð til Danmerkur á næsta ári.



Mynd 4. Nemendur grænni skóga að kynna sér skógrækt í Skotlandi

Á árinu var haldin fagráðstefna í skógrækt í Stykkishólmi. Fimm starfsmenn Suðurlandsskóga mættu. Ráðstefnan tókst vel og fjöldin allur af fagfólki í skógrækt tók þátt.

Í haust var haldin trjáplönturáðstefna sem haldin var í Eyjafirði með framleiðendum, kaupendum og öðru fagfólki. Ráðstefnan var haldin að frumkvæði NordGen.



## Önnur verkefni.

Listaháskólinn í Reykjavík og Suðurlandsskógar unnu á árinu 2010 að verkefni er varðaði skógarnytjar. Markmið verkefnisins er að þær afurðir sem verða þróaðar geti skapað efnahagslegan ávinning og verði fyrirmyndir fyrir aðra skógarbændur til að auka vægi nýsköpunar í framleiðslunni í samstarfi við hönnuði. Í litlu samfélagi eins og á Íslandi eru fyrirmyndir mjög líklegar til að hafa margföldunaráhrif og við það styrkist samkeppnisstaða íslenskrar skógræktar verulega.



Mynd 5. AG

“Stefnumót bænda og hönnuða” er frumkvöðlaverkefni í þágu atvinnulífsins þar sem tvær starfstéttir eru leiddir saman til að skapa einstaka afurð. Lögð er áhersla á vöruhönnun úr skógarnytjum öðrum en beinum timburnytjum.



Mynd 6. AG

Jarðirnar sem tóku þátt í verkefninu voru Hrosshagi, Spóastaðir og Galtalækur í Biskupstungum. Unnið verður áfram með þessi þrjú verkefni allt til framleiðslu lokaafurðar

Myndirnar hér til hliðar sýna nemendur Listaháskóla Íslands með skógarbændunum. Mynd 5. Nemendur LhÍ. og skógarbændur í Hrosshaga  
Mynd 6. Nemendur LhÍ. og skógarbændur á Spóastöðum  
Mynd 7. Nemendur LhÍ. og skógarbændur í Borgarholti



Mynd 7. AG

Í lokaundirbúningi er verkefni með hópi bænda sem hyggja á akurræktun jólatrjáa. Þetta er fyrsti hópurinn sem fer af stað í átaki Landssamtaka skógareigenda í ræktun jólatrjáa sem mun standa til ársins 2025.

Allsherjarþing Sameinuðu Þjóðanna hefur ákveðið að næsta ár verði alþjóðlegt ár skóga. Markmiðið er að auka vitund um sjálfbæra nýtingu, verndun og þróun í öllum gerðum skóglenda. Verið er að undirbúa ár skóga, en hagsmunaðilar í skógrækt munu koma að ýmsum viðburðum á árinu í tengslum við ár skóga.



## Tíðarfar og vöxtur.

Veturinn var óvenju hlýr en þó með einstaka kuldakasti. Seinni hluta febrúar kom vetratíð með snjó og ófærð um tíma. Víða á Suðvesturlandi var sumarið 2010 það hlýjasta frá því að mælingar hófust.

Úrkomunni var misskipt, það var frekar þurr framman af sumri en úrkoman jókst svo þegar líða fór á sumar og endaði í tæpu meðallagi.

Vöxtur var víðast hvar mjög góður eftir langt og gott sumar og milt haust.

Undanfarin ár hefur veðráttta verið á margan hátt hliðholl sunnlendingum sem stunda skógrækt. Vetur hafa verið mildir og sumrin hlý. Engu að síður er hægt að greina tvennt í veðurfari hér sunnanlands sem hefur slegið á vöxt og þá sér í lagi nýgróðursettra plantna.

Það fyrra sem ég vildi nefna eru sumarfröst sem hafa gert usla í nýgróðursetningum á vissum svæðum sunnanlands. Öllum eru minnisstæðar frostanætur síðasta sumars sem komu seinni partinn í júlí, þ.e.a.s. aðfaranótt 24. og 25. júlí. Það vakti undrun starfsmanna SIs hvað skaðar eftir frostið voru staðbundnir. Gera má því ráð fyrir að „frostpollar“ hafi myndast á einstaka stað þar sem logn hefur verið og kalda loftið því leitað niður í lægðir.

Gögn þeirra veðurathugunarstöðva sem eru næst helstu gróðursetningarsvæðum Suðurlandsskóga segja sína sögu. Mælingar eru gerðar í 2 metra hæð frá jörðu svo gera má ráð fyrir að í öllum tilfellum hafi kuldinn niður við jörðu verið öllu meiri en mælingar segja til um. Sér í lagi þar sem nánast logn var þessa daga. Rekja má nokkuð vel saman skemmdir á gróðursetningum af völdum frostaskaða síðasta sumar og þeirra gagna sem við höfum frá Veðurstofu Íslands. Sjá töflu.

	Dagur / ár	Lámarshiti	Meðalvindur
Hjarðarland	24.júl.09	0	3
	25.júl.09	3	2,6
Sámsstaðir	24.júl.09	2,1	3,9
	25.júl.09	4,2	3,3
Hella	24.júl.09	-1,6	3,7
	25.júl.09	-0,5	2,8
Skarðsfjöruviti	24.júl.09	2,5	3,9
	25.júl.09	6,5	3,2
Eyrabakki	24.júl.09	2,8	4,6
	25.júl.09	0,5	2,9
Hæll	24.júl.09	4,5	1,1
	25.júl.09	3	1,4
Kirkjubæjarklaustur	24.júl.09	3,2	1,6
	25.júl.09	5,2	1,1
Akurnes/ Höfn	24.júl.09	5,9	5,4
	25.júl.09	5,4	2,7

Tafla 3. Lámarshiti og meðalvindur 24. og 25. júlí 2009





---

Seinna atriðið í veðurfari okkar sunnlendinga sem ég vildi nefna eru þurrkasumur sem við höfum fengið síðustu árin.

Mánuðirnir júní og júlí, sem eru helstu vaxtamánuðir plantna, hafa verið svo þurrir að jaðrað hefur verið við sögulega þurrka. Úrkomumælingar frá Sámsstöðum í Fljótshlíð staðfesta þetta.

Árið 2007 voru 2 dagar í júní sem rigndi 5 mm eða meira á sólahring, árið 2008 4 dagar og 2009 2 dagar.

Árið 2007 rigndi 3 daga 5 mm eða meira á sólahring í júlí og 4 daga árið 2008 (vantar gögn í júlí 2009).

Þessar tölur tala sínu máli. Huga þarf því m.a. að endurskoðun á gróðursetningartíma. Gróðursetningar fyrir á vorin en við erum vön, koma vel til greina til að nýta raka í jarðvegi og eins hlýtur að koma til greina að taka upp haustgróðursetningu.

Þessi ársskýrsla hefur að geyma eins og ársskýrslur undanfarin ára samantekt á starfinu á liðnu ári. Að öðru leiti vísast í fundargerðir Suðurlandsskóga á [www.sudskogur.is](http://www.sudskogur.is)

Björn B. Jónsson  
framkvæmdastjóri Sls



ERROR: stackunderflow  
OFFENDING COMMAND: ~

STACK: